



Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi

skv. 6. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

Ábyrgðarmaður:

Stefanía Inga Sigurðardóttir

Gæða-og öryggisstjóri

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Starfsstöð..... | 3 |
| a) Lýsing á starfsstöð og starfssemi hennar..... | 3 |
| b) Hráefni, hjálparefni og orka sem er notuð á starfsstöð | 3 |
| 1. Þorskur..... | 3 |
| 2. Ufsi..... | 3 |
| 3. Aðrar fisk tegundir | 3 |
| 4. Vatn til ísframleiðslu..... | 3 |
| 5. Hjálparefni: | 3 |
| 6. Nytjastraumar og orkunotkun | 3 |
| c) Lýsing á upptökum losunar frá stöðinni | 4 |
| 1. Losun í frárennsliskerfi..... | 4 |
| 2. Losun í andrúmsloft | 4 |
| 3. Hljóðmengun | 4 |
| d) Staðhættir stöðvar | 4 |
| e) Lýsing eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr..... | 4 |
| f) Lýsing á eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreina á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið | 4 |
| 1. Vegna þvottaefna | 4 |
| 2. Vegna úrgangs | 5 |
| g) Lýsing á áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni..... | 5 |
| h) Lýsing á fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni | 5 |
| i) Lýsing á frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr. | 5 |
| j) Lýsing á ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið | 5 |
| k) hestu valkostir sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi eftirlits..... | 5 |

Starfsstöð

Fyrirtæki: FISK Seafood ehf.

Kennitala: 461289-1269

Starfsstöð: Landvinnsla Sauðárkróki

Staðsetning: Eyrarvegur 18, 550 Sauðárkrókur

6. gr. reglugerðar 550/2018 útgáfa starfsleyfis.

a) Lýsing á starfsstöð og starfssemi hennar

Landvinnsla FISK Seafood að Eyrarvegi 18, 550 Sauðárkróki tók 10.596 tonn af hráefni í húsið árið 2019. Í húsnæðinu er aðallega unninn slægður bolfiskur, af langstærstum hluta þorskur og ufsi. Þó nokkuð fellur til af hliðarafurðum sem allar eru nýttar eins og kostur er. Helstu hliðarafurðir eru hausar og hryggir, afskurður og roð. Hausum og hryggjum er ráðstafað til þurrkunar í þurrkhúsi FISK Seafood að Skarðseyri 13. Einnig eru hausar og hryggir heilfryst ferskt í blokkarfrystingu. Marningur er framleiddur og seldur til frekari notkunar, hann er ýmist pæklaður eða ferskur. Roð er blokkarfryst og selt til frekari framleiðslu.

Framleidd voru 5.063 tonn af flökum og bitum

Aukaafurðir voru um 6.386 tonn og fór meiri hluti þeirra í þurrkun í þurrkhúsi FISK Seafood. Af því var selt til fódurstöðvar að Gránumóum um 358 tonn. Um 36 tonn voru fryst og seld án frekari meðhöndlunar frá stöðinni.

b) Hráefni, hjálparefni og orka sem er notuð á starfsstöð

1. Þorskur
 - a. Flök
 - b. Bein
 - c. Hausar
 - d. Afskurður
 - e. Roð
2. Ufsi
 - a. Flök
 - b. Bein
 - c. Hausar
 - d. Afskurður
3. Aðrar fisk tegundir
 - a. Yfirleitt heilfrystar, annars skiptist í flök, hausa, hryggi og afskurð sem annað hvort er sent í þurrkstöð eða þá til fódurgerðar.
4. Vatn til ísframleiðslu
 - a. Árið 2019 var framleitt um 943.000 kg af ís sem er bæði seldur úr húsi eða notaður í krpa.
5. Hjálparefni:
 - a. Salt (NaCl) ca. 600 tonn/ári
6. Nytjastraumar og orkunotkun
 - a. Rafmagn: 5.926.763,17 kW/ári

- b. Hitaveituvatn: 75.580 m³/ári
- c. Kalt vatn: 178.402 m³/ári

c) Lýsing á upptökum losunar frá stöðinni

1. Losun í frárennsliskerfi
 - a. Vinnsluvatn og þekill – Allt umfram vatn og þekill sem ekki nýtist í afurð fer út í frárennsliskerfið.
 - b. Þvottaefni og skolvatn frá þvottakerfi
2. Losun í andrúmsloft
 - a. Engin bein losun er út í andrúmsloftið
3. Hljóðmengun
 - a. Innanhúss er mest hljóðmengun um 80-85 dB, þá mest frá vélasal, ísvél, hausara, flökunarvél, lausfrysti, vafningsvél.
 - b. Utan húss er helst hljóðmengun frá lyftaraumferð

Engar kvartanir hafa borist vegna mengunar frá Eyrarvegi 18.

d) Staðhættir stöðvar

Stafsstöð að Eyrarvegi 18 afmarkast við Eyrarveg, Háeyri og Hafnarsvæði (Norðurbryggju), lóðin er 5500 m² að stærð og er að hluta til sameiginleg með Eyrarvegi 20 (sláturhúsi KS) auk þess sem húsakostur er samliggjandi. Húsnæði að Eyrarvegi 18 er samsett úr mörgum húsum, elsti hlutinn er byggður 1949 en nýjasti hlutinn sem er viðbót við hráefniskæli og anddyri er frá 2017. Húsnæði/vinnslusvæði er afgirt að norðan og austan.

Í janúar var sett inn auglýsingum um að vinna væri í gangi við nýtt deiliskipulag á hafnarsvæði, afgreiða á deiliskipulagið hjá Skipulagsstofnun í júlí á þessu ári. Sjá meðfylgjandi skipulagslýsingu og gildandi aðalskipulag og greinagerð frá 2009.

e) Lýsing eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr.

Þetta á ekki við starfssemi að Eyrarvegi 18.

f) Lýsing á eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreina á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið

1. Vegna þvottaefna
 - a. Basísk þvottaefni: um 8.600 L/ári
 - b. Súr þvottaefni: um 120 L/ári
 - c. Hlutlaus þvottaefni: um 270 L/ári
 - d. Sótthreinsiefni: um 5.430 L/ári

2. Vegna úrgangs

- a. Sorp til urðunar árið 2019 var 25.625 kg, ca. helmingur af þessu sorpi fór í flokkun, en Flokka hefur ekki sundurliðað á reikningi hvað fer til urðunar og hvað fer til endurvinnslu.
 - i. Áætluð sorplosun fyrir árið 2020 er mun meiri heldur en gengur og gerist sökum mikilla breytinga og tiltektar á lóð og í húsnæði FISK.
- b. Send voru 358 tonn af „úrgangi“ til fóðurstöðvarinnar Gránumóum á árinu 2019.

g) Lýsing á áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni

Stærsta verkefni ársins 2020 er að draga úr vatnsnotkun í landvinnslunni, verið er að endurnýja tæki og taka inn tæki sem ekki nota vatn til að fleyta fiski áfram. Við áætluðum að draga muni töluvert úr kaldavatnsnotkun hjá fyrirtækinu.

Fyrirtækið vinnur að aukinni flokkun daglegs sorps sem fellur til, í dag er allur pappi/pappír og lífrænar matarleyfar flokkaðar frá örðum úrgangi.

Fyrirtækið hefur síðustu mánuði unnið markvisst í förgun tækja og búnaðar sem ekki er lengur í notkun og unnið að tiltekt í kringum mannvirki og fegrun þeirra með viðgerðum og málun.

Á síðustu árum hefur þvottaefnum verið skipt út fyrir önnur umhverfisvænni sem innihalda hlutlaust sýrustig.

h) Lýsing á fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni

1. Afskurður frá snyrtilínu er nýttur í framleiðslu á marningi, auk þess sem afskurður er blokkafrystur og seldur til annarra framleiðanda sem nýta afskurðinn. Bein og blóðblettir sem falla frá við gerð á afskurði er sent til fóðurgerðar.
2. Notast er við þvottakerfi sem blandar efni til þvotta fyrir starfsfólk. Þetta er gert til að efni séu notuð í réttum stykleikum
3. Öllum spilliefnum og olíum er komið til Flokku ehf á Sauðárkróki til viðeigandi förgunar.
4. Matsalur: í matsalt er stuðst við hefðbundna flokkun líkt og í heimahúsum.

i) Lýsing á frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.

Á ekki við

j) Lýsing á ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið

Þetta á ekki við starfssemi að Eyrarvegi 18

k) hestu valkostir sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformáðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi eftirlits.

Atriði í þessum lið hafa komið fram hér að ofan